# REGLUGERÐ FYRIR
# REYKJAVÍKURMÓT Í TVÍMENNINGI

1. Spilað skal minnst 42 spil. Fjöldi spila og skipulag keppni ræðst af fjölda para. Gefin er 7½ mínútur á hvert spil Pör sem ítrekað fylgja ekki settum tímamörkum verða sektuð, að undangenginni aðvörun frá keppnisstjóra og skal sektin vera a.m.k. 10% af toppskori spils.

2. Öll pör skulu framvísa kerfiskorti. Notkun PASS-KERFA er bönnuð.

3. Gefa skal aðvaranir og yfirlýsingar samkvæmt reglugerð Bridgesambands Íslands

4. Nota skal STOP viðvörunina þegar stokkið er yfir sagnstig.

5. Allt tal um spilin í spilasal er bannað og komi fram kvörtun vegna brots á þessari reglu er viðkomandi sektaður án aðvörunar um 10% af toppskori spils.

6. Allar áfrýjanir á úrskurði keppnisstjóra skulu vera skriflegar og berast keppnisstjóra innan 15. mín frá lokum hverrar umferðar. Tryggingarfé, að upphæð kr. 10.000 skal fylgja hverri áfrýjun. Líti dómnefnd svo á að áfrýjun hafi verið eðlileg, verður tryggingarfénu skilað, að öðrum kosti rennur það til uppbyggingar á sjóði til menntunar keppnisstjóra.

7. Það par, sem flest stig hlýtur að loknum öllum umferðunum, telst sigurvegari í mótinu og hlýtur titilinn **REYKJAVÍKURMEISTARAR Í TVÍMENNINGI**.

8. Ef tvö eða fleiri pör verða jöfn í sömu sætum úrskurðast röð samkvæmt keppnisreglugerð Bridgesambands Íslands.

9. Öll ölvun í keppni varðar brottvísun úr mótinu og keppnisbanni.

10. Tóbaksnotkun í keppnissölum eru bönnuð.

11. Notkun farsíma í keppnissölum er bönnuð

12. Spilað er að öllu leyti eftir alþjóðalögum í bridge.

KEPPNISSTJÓRI Skipaður af Bridgesambandi Reykjavíkur
DÓMNEFND: Skipuð af Bridgesambandi Reykjavíkur